



## Miðannarmat komið

Nemendur og forráðamenn geta nú skoðað miðannarmat nemenda. Athuga ber að miðannarmatið er ekki endanleg einkunn. Þetta eru skilaboð um hvernig staðan er núna hjá viðkomandi nema. Ef útkoman er ekki góð þarf að spýta í lófana og bæta stöðuna fyrir kennslulok í apríl.

Til að sjá miðannarmatið þarf að fara inn á <https://www.inna.is/Nemendur/> og setja inn kennitölu og lykilorð. Ef þið hafið ekki lykilorð er hægt að fá sent nýtt lykilorð með því að smella á „Sækja nýtt lykilorð“. Viðkomandi fær þá sent nýtt lykilorð á netfangið sem forráðamaður hefur skráð í INNU. Ef það ber ekki árangur er hægt að hafa samband við skrifstofu sem athugar skráningu á netfangi í INNU og lagfærir ef þörf er á. Einungis forráðmenn nemenda yngri en 18 ára geta fengið aðgang að INNU.



## Verfallsumræður

Nú er það flestum ljóst að boðað hefur verið til verkfalls framhaldsskólakennara frá og með 17. mars.

Samningaviðræður eru í gangi og enn eru talsverðar líkur á því að samningar náist áður en verkfallið skellur á.

Skólameistari verður með fund með nemendum í Urðarbrunni miðvikudaginn 12. mars klukkan 10:15.

Ef til verkfalls kemur er alls óljóst hvernig verður unnið úr því að því loknu. Ræðst það meðal annars af lengd verkfallsins.

Skólayfirvöld hvetja nemendur til að stunda námið og slá ekki slöku við. Ennfremur biðjum við forráðamenn um að halda nemendum í skólanum og hvetja þá til að mæta og sinna náminu. Við höfum miklar áhyggjur af stöðu þeirra nemenda sem eru farnir að slá slöku við. Gildir einu hvort kemur til verkfalls eða ekki. Önnin er hálfnuð og því er ekki of seint fyrir nemendur að snúa við blaðinu og stunda námið vel.

Nemendur sem eru með slaka skólasókn og sinna náminu auk þess illa standa alltaf ver að vígi og eiga ekki vísa skólavist á næstu önn.

## Glæsileg frumsýning

Leikfélagið Verðandi frumsýndi leikritið Beetlejuice 26. febrúar síðastliðinn. Það er óhætt að segja að sýningunni var afar vel tekið og ljóst að það liggur mikill metnaður að baki. Enn eru nokkrar sýningar eftir. Nánari upplýsingar um sýningunni má sjá á [heimasíðu leikfélagsins](#). Á myndinni hér fyrir neðan eru þeir Ísak Ernir og Alexander Parsi (Beetlejuice)

